

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

postur@uar.is

Reykjavík, 15. október 2018

Mál: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum (verðlagsuppfærsla).

Ofangreint frumvarp hefur að markmiði að hækka fjárhæð margvíslegra gjalda sem innheimt eru fyrir þjónustu hins opinbera í samræmi við vísitölu neysluverðs. Ætluð áhrif umræddra hækkana er talin vera um 500 milljónir króna og gert ráð fyrir að hækkun á vísitölu neysluverðs verði 0,01% verði frumvarpið óbreytt að lögum.

Samtök atvinnulífsins telja óheppilegt að ráðast í slíka færibandahækkun á gjöldum með reglulegu millibili með vísan til verðlagshækkana enda felur það í sér sjálfvirka víxlverkan til lengri tíma. Mörg þeirra gjalda sem innheimt eru varða til dæmis aðgang að dómstólum og nauðsynlegri þjónustu sýslumanns eða útgáfu starfsréttinda einstaklinga.

Samtökin telja eðlilegt að hið opinbera reyni að halda aftur af hækkunum gjalda nema sýnt sé fram á að brýna nauðsyn beri til og að það sé þá rökstutt. Sum eru þess eðlis að taka mætti til skoðunar hvort ekki væri eðlilegra að þau væru skilgreind sem gjöld fyrir veitta þjónustu frekar en skatttekjur.

Þá er eðlilegt að aukin sjálfvirknivæðing innan stjórnsýslunnar leiði til lækkunar á umræddum gjöldum. Til að mynda er í frumvarpinu lagt til að gjöld fyrir þinglýsingu skjals verði hækkuð um 25% þrátt fyrir að upplýst hafi verið um að straumlínulögum á ferlum við þinglýsingar hafi skilað miklu hagræði og að til standi að gera þinglýsingar rafrænar innan skamms.

Virðingarfyllst,

Berglína Halldórsdóttir